

Reykjaneshöfn
Bt. Hafnarstjóra
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbæ

24. febrúar 2021

Efni: Tilnefning í ráðgjafahóp samráðs um þróun nærsvæðis Keflavíkurflugvallar og nágrennis.

Ágæti viðtakandi.

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., fer þess á leit við Reykjaneshöfn að útnefna **einn aðila í ráðgjafahóp samráðs** vegna uppbyggingar nærsvæðis Keflavíkurflugvallar og nágrennis.

Meginmarkmið þróunaráætlunar Kadeco er að þróa, skipuleggja og markaðsetja land við Keflavíkurflugvöll þannig að það nýtist atvinnulífinu og samfélaginu á Reykjanesi. Þróunaráætlunin er á upphafsstigum langrar vegferðar og byggir velgengni þess á fjölmörgum þáttum og er einn þeirra þátttaka nærsamfélagsins og lykilaðila þess.

Ráðgjafaráðið sem er samansett af fagaðilum stofnanna, verður tengiliður verkefnisins við nærsamfélagið. Starfsemi ráðsins mun ráðast af eðli þeirra verkefna sem eru í gangi hverju sinni í þróunaráætluninni en aðalhlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi og miðla upplýsingum til Kadeco þannig að tekið sé mið að þörfum og tækifærum sem búa meðal íbúa og atvinnulífs á Suðurnesjum. Með þessu er verið að tryggja að Kadeco og samfélagið gangi í takt og að þróunaráætlunin leiði af sér blómlegt atvinnulíf og samfélag.

Á næstu vikum er áætlaður einn fundur ráðgjafaráðsins. Á þeim fundi verður óskað eftir hugmyndum og ábendingum um nærsvæði Keflavíkurflugvallar sem munu verða nýttar sem gögn fyrir þátttakendur í alþjóðlegri hönnunarsamkeppni þróunarsvæðisins.

Við óskum eftir útnefningu eins aðila frá Reykjaneshöfn í ráðgjafahópinn. Útnefning aðila þarf að berast Kadeco eigi síðar en fyrir 5. mars nk. á netfangið kadeco@kadeco.is.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, þá ekki hika við að hafa samband.

Með fyrirfram þökk og von um jákvætt samstarf,

Pálmi Freyr Randversson,
framkvæmdastjóri Kadeco.

Nánar um verkefnið.

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, leiðir skipulag og þróun 55 ferkílómetra nærsvæðis stærsta og mikilvægasta flugvallar landsins, Keflavíkurflugvallar. Keflavíkurflugvöllur er stærsti atvinnuveitandi á landinu með 2% vinnuafli landsins.

Helsti iðnaður tengist flugstarfsemi, vörudreifingu, sjávarfangi og ferðaþjónustu. Á þessu svæði er hraðasta uppbygging á Íslandi, og hefur það laðað að sér nýjar fjölskyldur og hæfileikaríka einstaklinga bæði af íslensku og erlendu bergi brotnu.

Félagið sem var stofnað 2006, er í eigu íslenska ríkisins en er leitt af fjármálaráðuneytinu, Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Þessir fjórir samstarfsaðilar hafa tekið höndum saman í því skyni að efla alþjóðlega samkeppnishæfni svæðisins og Reykjanessins í heild og auka aðdráttarafi þess til búsetu, starfa og heimsóknna.

Kadeco leiðir þróun og uppbyggingu nærsvæðis Keflavíkurflugvallar fyrir hönd þessara fjögurra samstarfsaðila og er fulltrúi þessara aðila. Verkefnin felast m.a. í að:

- Vinna skipulags- og atvinnustefnu fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar.
- Þróa heildstætt rammaskipulag og deiliskipulög fyrir afmörkuð þróunarsvæði byggt á landfræðilegum kostum og styrkleikum þeirra.
- Laða að fyrirtæki og fjármagn og aðstoða alþjóðlega þróunaraðila við að koma á fót fyrirtækjum og fjárfestingum.
- Taka þátt í að móta þjálfunaráætlanir fyrir vinnuafli á svæðinu sem tekur mið af fyrirsjáanlegri framtíðarþörf lykil atvinnuvega.
- Straumlínulaga samstarf þessara fjögurra samstarfsaðila til að hraða ákvörðunartöku og uppbyggingu svæðisins.
- Reka umræðuvettvang sem er leiðandi í þróun skipulagsmála m.t.t. framtíðar tækifæra.
- Stuðla að heildrænni nálgun við skipulags- og borgarhönnun og laga að þörfum flugvallarins, samfélagsins og Reykjaness í heild.

Kadeco vinnur því að þróun nærsvæðis Keflavíkurflugvallar frá nokkrum sjónarhornum og byggir á þremur leiðarstefnum í því sambandi:

Efnahagsleg seigla.

Nærsvæði Keflavíkurflugvallar er lykilmiðstöð og drifkraftur hagvaxtar fyrir íslenska hagkerfið. Næsta áratuginn verður lögð áhersla á að styrkja Reykjanesið enn frekar með því að vera valdeflandi fyrir lykil iðnað og stuðla að umbreytingu í tækni, neysluvenjum og viðskiptum, um leið og við drögum að alþjóðleg fyrirtæki og fjárfesta til þess svæðis þar sem þróunin er örúst á Íslandi. Kadeco stuðlar að efnahagslegri seiglu og alþjóðlegri samkeppnishæfni flugvallarins, nærsamfélagsins og Íslands í heild, með því að afla fjölbreyttra viðskiptavina og viðskiptatækifæra.

Samfélagsleg nýsköpun.

Íslenskt samfélag hefur sérstöðu á meðal vestrænna ríkja, með ungu, vel menntuðu vinnuafli, sem fjölgar hratt. Síðustu áratuginna hefur Reykjanesið tekið vel á móti innflytjendum, mjög hæfu vinnuafli, sem er nú um 25% af íbúafjölda þess. Um leið og samfélagið okkar verður stærra og fjölbreytni þess eykst, þá leitumst við við að auka tækifæri til menntunar fyrir íbúa og skapa ný tækifæri fyrir

vinnuaflið. Með því að auka tækifæri til afþreyingar við flugvöllinn, þá stuðlum við að því að auka aðdráttarafli Reykjanessins til búsetu, í leik og starfi.

Sjálfbært umhverfi.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er grundvallaratriði til að tryggja langtíma árangur við uppbyggingu iðnaðar sem og vellíðan og hagsæld komandi kynslóða. Aðlögunin er um leið drifkraftur nýsköpunar á fjölmörgum sviðum samfélagsins; við þróun tækniúnaðar, byggðarhönnunar, í fyrirtækjarekstri og opinberri stjórnsýslu. Með því að beita kolefnisjafnaðri nálgun og nýta 100% endurnýjanlega orku í öllum okkar verkefnum, þá valdeflum við okkar viðskiptavini, fjárfesta og þróunaraðila til að mæta - og fara fram úr sjálfbærnimarkmiðum þeirra.